

## Kæru bæjarbúar og gestir

### *Gleðilega hátíð*

Líkt og hefðbundið er á þessum degi höldum við upp á þjóðhátíðardaginn með veisluhöldum og lúðrablæstri. Fánar eru dregnir að húni og Fjallkonan blæs okkur baráttu í brjóst með ættjarðarljóðum frá fyrri tíð.

Dagurinn í dag er þó kannski enn hátíðlegri í margra huga þar sem 80 ár eru nú liðin frá því að við Íslendingar hlutum fullt og viðurkennt sjálfstæði meðal þjóða heimsins.

Þá er dagurinn einnig sérstakur í huga okkar sem hér búum í Reykjanesbæ, þar sem 30 ár eru liðin frá því að Reykjanesbær varð sérstakt sveitarfélag.

Um margt er 17. júní tækifæri til þess að líta bæði fram á við, - en ekki síður um öxl og velta fyrir sér hvort við höfum og séum að ganga til góðs, götuna fram eftir veg, líkt og Jónas Hallgrímsson orti svo fallega.

Það velkist sennilega enginn í vafa um að við erum heppin að fá að búa þetta land, Ísland. Hér er velsæld, öryggi og friður. Vissulega gremst okkur stundum að veðrið skuli ekki vera betra en slík atriði eru léttvæg þegar horft er til hörmunga heimsins sem vissulega herja á allt of víða.

Í nýafstaðinni kosningabaráttu forsetakosninga sagði Katrín Jakobsdóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, oft og iðulega, að við Íslendingar værum sammála um grunnildi samfélagsins en þau væru lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og friður. Ég held að Katrín hafi þar haft hárrétt fyrir sér. Við kjósum frið umfram stríð, mannréttindi í stað kúgunar, jafnrétti allra og hinar síðari aldir höfum við Íslendingar valið að skera úr ágreiningsmálum með lýðræðislegum hætti þar sem meirihlutinn fær að ráða.

Þessi gildi eru okkur mikilsverð en þau eru ekki sjálfgefin og þau eru alls ekki sjálfsögð. Of víða geisa stríð, mannréttindi eru þverbrotin, jafnrétti kynja eru aðeins hillung og fólk hefur ekki tækifæri til þess að kjósa sér forystufólk eða leiðtoga. Dæmi um allt þetta sjáum við víða í löndunum í kringum okkur.

Það er skylda okkar og ábyrgð að standa vörð um okkar grunngildi og tryggja að þau tapist ekki.

Á næsta ári verða 50 ár liðin frá kvennaárinu 1975 en á því ári var barátta kvenna fyrir jafnri stöðu kynjanna sett á nýjan stall. Við Íslendingar erum stolt af jafnréttisbaráttunni. Við erum stolt af því að segja frá því að hér á landi sé staða kynjanna jöfn. Áratuga barátta fyrir jafnrétti hefur því skilað okkur áfram veginn til góðs og breytt okkar viðhorfum og gildum til hins betra. Víða um heim þykja þessi viðhorf hins vegar fráleit og konur fá alls ekki sömu stöðu og tækifæri og karlmenn.

En af hverju að nefna þetta hér, í ræðu á 17.júní?

Jú, ég nefni þetta hér í sérstökum tilgangi vegna þess að eitt stærsta verkefni samtímans er að takast á við mikinn fjölda nýrra íbúa sem hingað koma, ýmist vegna stríðsástands sem þau flýja frá heimalandi sínu eða vegna betri tækifæra sem þau sjá að bíða þeirra hér á landi.

Enginn vafi er á að innflytjendur frá öðrum löndum hafa almennt bætt hér samfélagið og tryggt að ýmis sóknarfæri í atvinnulífi hafa verið nýtt hér á landi sem annars hefði ekki orðið ef þeirra hefði ekki notið við.

En verkefni okkar er hins vegar að tryggja að það fólk sem hingað kemur, hafi ekki svo ólík gildi og lífsviðhorf við þau sem hér eru fyrir, að það valdi árekstrum eða ófriði eða að fjöldi þeirra verði svo mikill að grunngildi okkar samfélags breytist eða þynnist út og verði óræð og óskýr.

## Kæru bæjarbúar

Við heyrum oft talað um skautun í umræðu dagsins. Hlutirnir eru annað hvort hvítir eða svartir, stórkostlegir eða hræðilegir. Fólk getur annað hvort verið með eða á móti, hlutleysi virðist ekki vera valkostur. Þeir sem ekki hafa sömu skoðun og einhver annar er þar með orðinn andstæðingur eða óvinur.

Þessi viðhorf hafa ágerst í íslensku samfélagi á síðustu árum og valdið átökum sem í mörgum tilfellum hefði mátt komast hjá ef umræða og skoðanaskipti væru hógværar og sett fram af meiri virðingu gagnvart andstæðum sjónarmiðum.

Í hinni daglegu umræðu um stríðið á Gasa er t.d. algengast að fjallað sé um þá sem annað hvort styðja Ísrael eða þá sem styðja Palestínu.

Af hverju þurfum við Íslendingar að taka afstöðu í slíku máli? Af hverju þarf annað hvort að styðja Ísrael eða Palestínu? Þjóðir sem átt hafa í stríði, ýmist sín á milli eða við aðra, svo öldum skiptir.

Við Íslendingar eigum einfaldlega að kjósa frið. Það er okkar gildi, okkar viðhorf. Við viljum frið og eigum að hvetja til friðar. Okkar hlutverk er að segja að átök og manndráp séu ekki lausn á deilumálum heimsins heldur fáist lausn með friðsamlegum hætti þar sem aðilar tala sig til niðurstöðu þar sem enginn einn snýr heim sem sigurvegari, heldur fara allir heim, hæfilega sáttir. Þannig næst árangur og niðurstaða sem heldur til lengri tíma.

Sjálfstæðisbarátta okkar Íslendinga var í öllum tilfellum hófsöm, yfirveguð og friðsöm. Enginn féll í átökum vegna þeirrar baráttu. Jafnvel í baráttu okkar fyrir landhelginni á árunum 1958-1976 féll aðeins einn Íslendingur þrátt fyrir mikil átök á sjó við bæði Breta og Þjóðverja. Sá góði maður lést reyndar vegna raflosts sem hann fékk við viðgerðir á varðskipinu Ægi en ekki í átökunum sjálfum. Þannig höfum við háð okkar stríð og okkar baráttur hin síðari ár. Með hófstílltum hætti og án mannfalls. Það eru okkar gildi og okkar viðhorf.

## Kæru bæjarbúar

Um þessar mundir fögnum við hér í Reykjanesbæ 30 ára afmæli sveitarfélagsins. Að mínu mati var það gæfuspor sem stigið var á árinu 1994 þegar sveitarfélögin Keflavík, Njarðvík og Hafnir ákváðu að sameinast í eitt. Sú ákvörðun var einmitt dæmi um eitt af þeim grunngildum sem við Íslendingar viljum viðhafa hér á landi, þ.e. ákvörðun sem tekin var með lýðræðislegum kosningum.

Í fyrstu hátíðarræðu þjóðhátíðardagsins sem haldin var eftir sameiningu, þann 17.júní 1994, benti Kristján Pálsson, fv.alþingismaður og þá fráfarandi bæjarstjóri í Njarðvík, einmitt á, að það hefði verið fólkið sem tók þá ákvörðun í lýðræðislegum kosningum að sameina sveitarfélögin. Í ræðu sinni sagði hann : „Ég vona að tíminn sýni okkur að það var spor í rétta átt, í átt til meiri þroska og framfara sem okkur er svo nauðsynleg.“

Þær vonir stóðust væntingar. Framgangur Reykjanesbæjar hefur verið mikill á þessum 30 árum. Samfélagið í Reykjanesbæ hefur þróast og vaxið og hefur, á þessum 30 árum, verið eitt mesta vaxtasvæði landsins. Íbúafjöldi sveitarfélaganna þriggja var á árinu 1994 um 10 þúsund en er í dag um 22 þúsund. Fjölgun í Reykjanesbæ hefur því frá stofnun verið um 120% á meðan fjölgun á landsvísu hefur á sama tíma verið um 45%.

Þessari miklu fjölgun fylgja hins vegar áskoranir sem mikilvægt er að takast á við af ábyrgð og festu. Ábyrgð og festu sem tryggja að lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og friður verði áfram grunngildin í íslensku samfélagi, grunngildin sem við getum byggt á og treyst að börnin okkar og barnabörn lifi eftir - og þannig njóti þau þeirrar baráttu sem foreldrar okkar og forfeður börðust fyrir í þeim tilgangi að færa samfélagið Ísland, áfram veginn, til góðs.

*Til hamingju með daginn !*